

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi  
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland  
info@immi.is / http://www.immi.is



Nefndasvið Alþingis

15. maí 2015

IMMI stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi veitir hér umsögn um mál 700 - um breytingu á höfundalögum.

Bendir stofnunin á að höfundaréttarlög þarfnast lengri tíma til yfirferðar og hvetur stofnunin til þess að horft sé til breytinga á lagasetningu í þessum efnum í Evrópu sem nú er í undirbúningi.

Mun stofnunum þeim, svo sem menningarstofnunum, sem heimila á notkun munaðarlausra verka, bera skylda til að tryggja aðgengi almennings að slíkum verkum? Er þá átt við hvort farið sé fram á að upplýsingaaðgengi almennings sé aukið, eða hvort einungis sé verið að heimila slíka aukningu.

Stofnunin áréttar að um mjög viðamikil mál er að ræða og þarfnast þau ítarlegrar yfirferðar. Mun stofnunin taka því fagnandi að fá tækifæri til að veita frekari umsagnir og ráðleggingar, sé eftir þeim óskað, ef þessi mál fá þann úrvinnslutíma er þau þurfa. Þá bendir stofnunin aftur á það að verið er að vinna að úrbótum á höfundaréttarlögum í Evrópu um þessar mundir en sú vinna sem þar er í framkvæmd getur einnig nýst vel við vinnu þessara mála hér á landi.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson  
Framkvæmdastjóri IMMI